



Alþingi

b.t. velferðarnefndar Alþingis

Kirkjustræti

101 Reykjavík

Efni: Umsögn Körfuknattleiksdeildar U.M.F.G v/ frumvarps til laga um breytingu á lögum um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023

Vísað er í meginefni frumvarpsins en gildistaka þeirra tekur ekki mið á félögum sem rekin eru með óhagnaðardrifnum sjónarmiðum má þar nefna félög sem eru á Almannaheillaskrá. Umsögn kemur frá Körfuknattleiksdeild U.M.F.G en á þó við um æskulýðsstarf íþróttarfélagsins í heild. Kostnaður vegna leigu á eignum hefur margfaldast hjá deildinni og höfum við ekki sömu tækifæri og einstaklingar að sækja um leigustyrk frá ríkinu og einstaklingar. Körfuknattleiksdeild U.M.F.G á til að mynda eign sem fjármögnuð var með lántöku sem ekki er hægt að frysta líkt og um íbúðarlán sé að ræða.

Með atburðunum sem áttu sér stað þann 10. nóvember hefur allri íþróttastarfsemi í Grindavíkurbæ verið sett í uppnám, deildir lifa á góðvild annarra íþróttafélaga, allar fjárhagsáætlanir hafa brostið, kostnaður hefur aukist til muna og tekjur hafa dregist saman á sama tíma þetta mun hafa í för með sér að deildir innan U.M.F.G munu lognast út af á skömmum tíma. Er það því ósk okkar að tekið verði tillit til félaga á Almannaheillaskrá Ríkisskattstjóra við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 30. Janúar 2024

F.h. Körfuknattleiksdeildar U.M.F.G

Sævar Þór Birgisson